

Hafnarfjarðarhöfn

Fjárhagsáætlun 2020

Greinargerð hafnarstjóra við framlagningu fjárhagsáætlunar



Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarhafnar fyrir árið 2020 byggir m.a. á eftirfarandi forsendum:

- Almenn umferð og umsvif verða sambærileg og á árinu 2019.
- Aukning verður í almennum lausaflutningum en óvissa um vöruflæði í Straumsvík
- Aflagjöld sambærileg og undanfarin ár en óvissa um uppsjávarafla.
- Fölgun verður í heimaflota með komu rannsóknarskipa Hafrannsóknarstofunar.
- Fjölgun verður í komum farþegaskipa á komandi árum.
- Gjaldskrá hafnarinnar mun hækka í samræmi við verðlag eða um 2,5% frá 1. janúar 2020.
- Tekjur um aukast um 3,5% milli ára og verða yfir 700 milljónir.
- Almenn rekstrarútgjöld hækka lítillega vegna aukinna framlaga til viðhaldsverkefna.
- Gert er ráð fyrir nokkurri hækkun á launaliðum í framhaldi af nýjum kjarasamningum.
- Afskriftir fastafjármuna hækka með afskriftum lóða á hafnarsvæði utan Suðurgarðs.
- Allar fjárfestingar verða greiddar af eigin tekjum hafnarinnar.

Helstu framkvæmdir á árinu 2020 verða:

- Lok framkvæmda við Háabakka – trébryggja og frágangur á yfirborði.
- Endurbætur á Norðurgarði.
- Skipulagsvinna fyrir hafnarsvæði í Flensborgarhöfn og undir Vesturhamri.
- Frágangur hafnarsvæðis vestan við Hvaleyrarbakka.
- Undirbúningur fyrir öflugri raftengingar til skipa á Suðurbakka.
- Uppsetning á Led-lýsingu við Suðurbakka.
- Endurnýjun á öryggishliðum vegna hafnarverndar.
- Hönnun og frágangur á geymslusvæði utan Suðurgarðs.

Samanburður áætlana 2019 og 2020

| | 2019 | 2020 | Skýringar |
|----------------------------|----------------|----------------|--|
| Hafnargjöld | 440.000 | 452.000 | Varlega áætuð tekjuþróun vöru- og aflagjalda |
| Seld þjónusta | 159.000 | 169.000 | Viðbót í þjónustutekjum |
| | 599.000 | 621.000 | Tekjuhækkun 24 millj. 4% miðað við áætl 2019 |
| Leigutekjur | 76.983 | 80.914 | Fleiri lóðum úthlutað, áætlun 2018 of lág. |
| Tekjur alls | 675.983 | 701.914 | |
| Launa og launate. | 191.788 | 215.641 | Lausir kjarasamningar frá 1. apr. 2019 |
| Lífeyrisskuldb. | 14.179 | 19.559 | |
| Vörukaup | 38.050 | 39.150 | |
| Þjónustukaup | 97.882 | 104.242 | Aukið fjármagn í viðhald hafnarbakka |
| Annar kostnaður | 18.121 | 11.970 | Skattar, styrkir og framlög |
| Afskr. fastafjárm. | 64.442 | 93.604 | Byrjað að afskrifa hafnarsvæði/Hvaleyri |
| Fjárm.gjöld/-tekjur | 21.498 | 16.637 | Uppgreitt lán - vaxtatekjur |
| Afkoma áætlað | 252.824 | 235.250 | |


Almennur rekstur:


Rekstur á árinu 2019 hefur gengið samkvæmt áætlun í stærstum dráttum. Aukning hefur verið í skipakomum og almennri hafnarþjónustu. Einnig er aukning í komum farþegaskipa og stöðugleiki í bæði vöruflutningum og lönduðum afla miðað við góða aukningu á síðustu árum.

Helstu óvissuþættir nú á útmánuðum fyrir komandi ár, er minni löndun á uppsjárvarfiski (makríl og síld) og einnig hverjar afleiðingar verða af lokun kerskála 3 í Straumsvík í ágúst sl. Sú staða mun hafa einhver tímabundin áhrif á framleiðslu og inn- og útflutning frá Straumsvíkurhöfn. Þá er stefnt að útboði siglinga fyrir álverið í árslok 2019. Það útboð gæti haft í för með sér breytingar á stærð skipa og tíðni rútusiglinga í Straumsvík frá og með miðju næsta ári. Því er ástæða til að fara varlega í áætlanir um frekari aukningu í vöruflutningum á komandi ári.


Hafnarfjarðarhöfn - rekstrarafkoma

verðalag jan 2019





Launakostnaður er stærsti útgjaldaliður hafnarsjóðs eða um 200 milljónir á árinu 2019. Launaáætlun hefur staðið þrátt fyrir þó nokkuð aukin umsvif. Starfsmannafjöldi hefur verið stöðugur síðustu ár en bætt hefur verið við einu stöðugildi sem eru þá 13 talsins og verður það óbreytt á árinu 2020. Mestu álagstímum frá vori fram á haust hefur verið mætt með aukningu í sumarafleysingum og lausatímamönnum í einstök stærri útköll.



Kjarasamningar starfsmanna hafa verið lausir frá lokum mars 2019 og er tekið mið þeirri stöðu í launaáætlun fyrir 2020 en nokkur óvissa ríkir um þróun kjaramála á komandi ári.

Stærsta breytingin í almennum útgjaldaliðum milli ára er umtalsverð viðbót í afskriftum fastafjármuna sem hækka úr 65 milljónum 2019 í nær 94 milljónir á árinu 2020 eða um nær 45%. Ástæðan er að nú verður byrjað að afskrifa á nýja hafnarsvæðinu utan Suðurgarðs þar sem allar lóðir hafa verið seldar.



Rammaskipulagið:

Frá haustdögum 2018 hefur verið unnið að gerð nýs rammaskipulags fyrir Óseyrarsvæði og Fornubúðir út frá niðurstöðu opinnar samkeppni um framtíðaruppbyggingu þessara svæða sem fram fór á vordögum 2018. Hollenskir og sænskir arkitektar í náinni samvinnu við samráðsnefnd hafnarstjórnar og skipulags- og byggingaráðs, hafa unnið að útfærslu á tillögu að rammaskipulagi.

Margir opnir kynningar- og umræðufundir hafa verið haldnir með bæjarbúum þar sem farið hefur verið yfir framkomnar tillögur og leitað eftir álit og athugasemdum. Endanleg tillaga er nú í lokavinnslu fyrir almenna kynningu og afgreiðslu hjá bæjaryfirvöldum.

Stefnt er að því að hægt verið að hefja vinnu við deiliskipulag á einstökum reitum á rammaskipulags-svæðinu á komandi vetri og undirbúningur framkvæmda og uppbyggingar á svæðinu geti þá hafist á síðari hluta ársins 2020.

Ljóst er að hér er um viðamikil verkefni að ræða sem snýr m.a. að endurgerð og stækkun smábátahafninnar við Flensborg allt innundir Vesturhamar, auk framkvæmda á atvinnu- og þjónustureit við Fornubúðir og íbúðasvæðis milli Hvaleyrarbrautar og Óseyrarbrautar.

Helstu framkvæmdir hafnarsjóðs á næstu árum munu því væntanlega snúa að uppbyggingu á hafnarsvæðinu frá Háabakka út undir Vesturhamar. Undirbúa þarf byggingu nýrrar smábátahafnar, með hafnargarði og góðu viðlegurými, auk nýrrar aðstöðu fyrir Siglingaklúbbinn Þytur við Drafnarlippinn. Þá gera tillögur ráð fyrir endurbyggingu á hafnarkanti allt frá Óseyrarbryggju út að slippsvæðinu og byggingu nokkurra þjónustubygginga innan lóðarmarka hafnarinnar. Í langtímaáætlun hafnarsjóðs fyrir árin 2021 til 2023 er gert ráð fyrir fyrstu áföngum í undirbúningi og framkvæmdum á þessu svæði.



Framkvæmdir:

Á árinu 2019 var úthlutað síðustu lóðum sem hafnarsjóður hafði til umráða á nýja hafnarsvæðinu utan Suðurgarðs. Öllum lóðum á þessu svæði hefur nú verið úthlutað og byggingaframkvæmdir hafa verið á mörgum þeirra á þessu og síðasta ári, m.a. hjá Trefjum, Köfunarþjónustunni, Colas og Sölva Steinarri slf. Framkvæmdir munu fara af stað á Óseyrarbraut 25 á árinu 2020 og einnig eru í undirbúningi framkvæmdir á lóð VOOV að Óseyrarbraut 31. Ennþá er óvissa um nýtingu á lóðunum Óseyrarbraut 24, 26 og 26b en fjárfestingafélagið Gamma hefur haft forræði yfir þeim lóðum undanfarinn áratug.

Hafnarfjarðarhöfn hefur staðið í miklum framkvæmdum á hafnarsvæðinu á þessu ári og framhald verður á ýmsum þeim framkvæmdum á nýju ári. Lokið hefur verið við frágang á upptökumannvirki fyrir skipalyftu í vesturenda Suðurbakka, en þar hefur bátasmiðjan Trefjar boðið uppá þjónustu með öflugri skipalyftu. Samhliða þeirri framkvæmd er verið að endurgera og bæta viðlegu fyrir dráttarbáta hafnarinnar milli Suðurbakka og Þverkersins.

Unnið hefur verið að frekari landfyllingu og frágangi á svonefndu geymslusvæði utan Suðurgarðs og m.a. verið sett varanlegt slitlag á syðsta hluta svæðisins. Stefnt er að frekari framkvæmdum á svæðinu á komandi ári og þá m.a. horft til aðstöðu fyrir upptöku- og minniháttar viðhald fyrir smærri skip og báta. Þá hefur verið settur upp rafstýrður hliðbúnaður við vesturenda Hvaleyrarbakka og samskonar búnaður veður settur upp í austurenda verndarsvæðis hafnarinnar milli Suðurbakka og Háabakka.

Stærstu framkvæmdir hafnarsjóðs á árinu 2019 hafa verið bygging Háabakka milli Suðurbakka og Óseyrarbakka. Þar hefur verið rekið niður 110 m. stálþil og útbúin ný landfylling og þekja framan við nýjar höfuðstöðvar Hafrannsóknarstofnunar sem verða opnaðar formlega að Fornubúðum 5 í nóvember 2019. Alls verður viðlegurými við Háabakka um 140 metrar, samtengt við eldra stálþil á enda Suðurbakka. Á þessum nýja bakka verður viðlega rannsóknarskipa Hafrannsóknarstofnunar. Það verður mikill styrkur fyrir Hafnarfjarðarhöfn á fá þau skip í heimaflota bæjarins.

Næsti áfangi í framkvæmdum við Háabakka á árinu 2020 er bygging trébryggju við suðurenda bakkans. Þar er m.a. fyrirhugað almennt opið svæði til útivistar með setbekkjum og aðstöðu fyrir dorgara. Stefnt er að því að ljúka þeim framkvæmdum fyrir sumarbyrjun 2020.

Fjárfestingahreyfingar 2020-2023

| | 2019 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---------------------------|---------------|----------------|---------------|---------------|---------------|---------------|
| | <i>áætlun</i> | <i>líklegt</i> | <i>áætlun</i> | <i>áætlun</i> | <i>áætlun</i> | <i>áætlun</i> |
| Fjárfesting | 185.000 | 160.000 | 200.000 | 200.000 | 200.000 | 200.000 |
| Lóðasala | 120.000 | 160.000 | 0 | 0 | 75.000 | 75.000 |
| Fjárfestingahreyf. | -65.000 | 0 | -200.000 | -200.000 | -125.000 | -125.000 |

| Sundurliðun | <u>2020</u> | Sundurliðun | <u>2021</u> | 2022 | 2023 |
|-------------------------|--------------------|--------------------|--------------------|-------------|-------------|
| Háibakki trébryggja | 40.000 | Flensborgarhöfn | 50.000 | 100.000 | 100.000 |
| Utan Hval.bakka | 40.000 | Landfyllingar | 50.000 | 100.000 | 100.000 |
| Geymslusvæði | 20.000 | Bryggjukantar | 50.000 | | |
| Norðurgarður | 50.000 | Rafteng. S-bakki | 50.000 | | |
| Raftenging / Led lýsing | 30.000 | | | | |
| Öryggishlið endurn. | 10.000 | | | | |
| Deiliskipul. Flsb.h. | 10.000 | | | | |

Framkvæmdaáætlun:

Önnur stærri verkefni sem eru á framkvæmdaáætlun Hafnarfjarðarhafnar á árinu 2020 og þriggja ára áætlun til ársins 2023 er undirbúningur fyrir uppsetning á rafbúnaði til að geta þjónustað aflfrek skip s.s frystiskip og minni farþegarskip, endunýjun á ljósabúnaði á hafnarbökkum fyrir led-lýsingu, frágangur á geymslusvæði á hafnarsvæði vestan Hvaleyrarbakka, auk endurnýjunar á eldri öryggishliðbúnaði inná hafnarsvæðið vegna hafnarverndar. Þá hefur hafnartjórn samþykkt að ráðast í enduruppbyggingu á Norðurgarðinum, en fremsti hluti hans er mjög siginn og þarf því bæði að hækka hann og grjótvörja, auk þess sem bætt verður úr að aðgengi að garðinum svo hægt sé að nota hann sem útisýnissvæði fyrir bæjarbúa.

Hafnarfirði 25. september 2019
Lúðvík Geirsson, hafnarstjóri